


✉ Deiliskipulag við Reynivelli - hótél

Búið til	16.3.2020 15:09:43
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	16.3.2020 15:09:42
Tilheyrir	 2020010087 - Ósk um umsögn vegna deiliskipulags við Reynivelli

Efni

Deiliskipulag við Reynivelli - hótél

Upplýsingar

Sent	16.3.2020 15:09:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	matthildur@hornafjordur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020010087

Vísað er til bréfs frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi við Reynivelli II þar sem fyrirhugað er að reisa hótél.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda deiliskipulagstillögu. Eins og kemur fram í gögnum málsins er viðkomandi tillaga innan verslunar- og þjónustusvæðis sem hefur verið samþykkt í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við framlagða deiliskipulagstillögu en það er engu að síður mjög áriðandi að mati stofnunarinnar að vel takist til um alla útfærslu skipulagsins. Á þetta bæði við um að öllu raski verði haldið í lágmarki en ekki síður að móta byggingar að landslagi umhverfisins. Það vekur sérstaka athygli að þó að minnst sé á Jökulsárlón sem mikilvægan ferðamannastað er ekki minnst á Vatnajökulsþjóðgarð eða svæði nr. 635 á náttúruminjaskrá, Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul, né heldur er minnst á Breiðármerkursand sem mikilvægt fuglasvæði, sjá bls. 252 hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Þó væntanlegt hótél sé vissulega utan þeirra svæða sem hér eru nefnd þá er svæðið alveg við hliðina á þessum svæðum og verið er að opna nýtt framkvæmdasvæði sem nú er tiltölulega óraskað. Það er því afar mikilvægt, strax í byrjun og í allri umfjöllun, að fullt tillit sé tekið til svæðisins í heild við alla uppbyggingu vegna m.a. landslagsáhrifa, aukinnar viðverðu ferðamanna á svæðinu svo og hugsanlegri fræðslu á hótelinu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)